

## Stækkun skólphreinsivirkis við Hótel Laxá

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 INNGANGUR

Þann 17. apríl 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Hótel Laxá í landi Arnarvatns, Skútustaðahreppi, um stækkun skólphreinsivirkis við hótelið, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. liði 11.05 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Skútustaðahrepps, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn og Umhverfisstofnunar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Skólphreinsivirki við Hótel Laxá. Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu. IUS lögmansstofa, apríl 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Skútustaðahreppi með bréfi dags. 27. júní 2018.
- Fiskistofu með bréfi dags. 12. júní 2018.
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra með tölvubréfi dags. 22. júní 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 29. maí 2018.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvubréfi dags. 28. maí 2018.
- Náttúruvannsóknastöðin við Mývatn með tölvubréfi dags. 31. maí 2018.
- Umhverfisstofnun með tölvubréfi dags. 20. júní 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 1. og 27. júní og tölvubréfum 12. og 20. júní og 26. júlí 2018.

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að vegna aukinnar nýtingar á veitingastað hótelsins sé fyrirhugað að stækka núverandi skólphreinsivirki. Markmið framkvæmdarinnar sé að tryggja að aldrei verði of mikil vatnshæð í tönkum og auka þannig rekstraröryggi hreinsivirkisins.

##### Núverandi fráveita og ástand Mývatns

Í greinargerðinni kemur fram að núverandi skólphreinsun sé þriggja þrepa og þjóni allt að 160 gestum hótelsins og 15 starfsmönnum í þremur starfsmannahúsum, 175 persónueiningar og alls falli til 35 þúsund lítrar. Skólþ frá hótelinu og frárennsli frá eldhúsi fari í haughús (seyrutank). Hreinsun fari fram í nokkrum skrefum sem séu áfylling, loftun, botnfelling, losun og bakdæling á botnfalli sem fari yfirleitt fram daglega.

Í deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis í landi Arnarvatns kemur fram að lóð Hótel Laxár sé staðsett rétt sunnan við Mývatnssveitarveg (848) og sé 9 hektarar að stærð. Lóðinni halli til norðausturs frá Mývatni og sé hæðarmunur um 15 m. Svæðið sé fremur gróðursnautt.



Í skýrslu samstarfshóps um Mývatn sem umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði árið 2016<sup>1</sup> kemur fram að ýmis áhyggjuefni séu uppi um ástand lífríkis Mývatns. Sterkar vísbendingar séu um að fjölgun ferðamanna auki álag á lífríki svæðisins, þ.á.m. um fráveitur þannig að losun næringarefna í vatnið aukist. Í allmörg ár hafi vatnið ekki náð að verða nógu tært í júlí og ágúst til að sæist til botns. Botngróður í meginhluta vatnsins hafi horfið að mestu á undanförunum árum. Vaxtarsvæði kúluskíts hafi rýrnað svo mjög að hann finnist varla lengur í vatninu og viðkomubrestur hafi verið hjá bleikju í vatninu frá árinu 2000 svo að hún megi teljast í útrýmingarhættu.

Jafnframt kemur fram í skýrslu samstarfshópsins að lífríki Mývatns sé flókið, síkvikt og sveiflukennt sem geri erfitt að greina frumorsakir ofangreindra breytinga en þær bendi til næringarefna-auðgunar. Þá segir eftirfarandi í skýrslunni: „Þótt ekki teljist sannað að næringarefnaauðgun sé helsta orsök vandans er nauðsynlegt að draga úr losun slíkra efna í vatnið, eins og kveðið er á um í reglugerð um vernd Mývatns og Laxár frá 2012. Miðað við fyrirliggjandi þekkingu þarf að hreinsa bæði nitur og fosfór úr fráveituvatni til að minnka álag á Mývatn. Rétt er að líta til varúðarreglunnar í þessu samhengi, auk laga um verndun Mývatns og Laxár. Vara verður þó við væntingum um að hægt sé að snúa neikvæðri þróun lífríkisins á skömmum tíma.“ Í skýrslunni kemur ennfremur fram að árið 2000 sé áætlað að 52 tonn af fosfór hafi borist í Mývatn. Af þeim séu 0,2 tonn rakin til íbúa og 0,3 tonn til ferðaþjónustu. Langstærstur hluti fosfórsins sé rakinn til náttúrulegs innstreymis með lindum. Sama ár sé áætlað að 279 tonn hafi borist í Mývatn af köfnunarefni. Langmestur hluti þess fyrir tilstuðlan niturbindandi blágerla og með lindum, en losun á köfnunarefni frá íbúum sé áætluð 1,2 tonn og 1,8 tonn frá ferðaþjónustu. Þó lítill hluti fosfórs komi frá íbúum og ferðaþjónustu þýði það þó ekki að orsakanna geti ekki verið að leita þar. Mývatn sé auðugt af fosfór frá náttúrunnar hendi og e.t.v. þurfi litla viðbót til að valda röskun.

Ferðamönnum við Mývatn hefur fjölgað mikið undanfarin ár. Fjöldi ferðamanna að sumarlagi árið 2016 var um 300 þúsund manns,<sup>2</sup> en um 120 þúsund manns árið 2011<sup>3</sup>.

### **Nýr hreinsibúnaður á fráveitu**

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að nýi hluti skólphreinsivirkisins verði staðsettur suðaustan við núverandi skólphreinsivirki. Hann muni samanstanda af þremur tönkum, sem séu 52 þúsund lítra haughús og tveir 32 þúsund lítra hreinsitankar, með hitakerfi og einangrun auk siturlagnabeðs. Nýja kerfið muni duga fyrir 187 persónueiningar og alls gætu fallið til 37.500 lítrar. Eftir stækkun muni hreinsivirkið því duga fyrir 362 persónueiningar. Þá standi til að byggja tæknirými til vöktunar á skólphreinsivirkinu. Þótt núverandi hreinsivirki hafi haldið hreinsun innan marka megi lítið út af bregða til að það fari á yfirfall. Vandamál hafi ekki komið upp og sé fyrirhugaðri stækkun ætlað að fyrirbyggja að svo verði.

Fram kemur að hið nýja skólphreinsivirki muni framkvæma sömu vinnslustig og það eldra. Köfnunarefnislækkun sé framkvæmd lífrænt með örverum. Ef frekara niðurbrots sé þörf sé það gert þannig að miklu loftmagni sé dælt í bakrýmið til að bæta lífsskilyrði baktería sem umbreyti ammoníaki í nítrat. Fosfór sé fellt út úr skólpinu með því að bæta hjálparefni í bakrýmið á öðru vinnslustigi. Hægt sé að taka sýni á öllum stigum hreinsunarinnar.

Fram kemur að núverandi skólphreinsivirki og fyrirhuguð stækkun þess sé nánast öll niðurgráfin og aðeins séu loftrör upp úr jörðinni. Stjórnubúnaður sé ofanjarðar í læstum skáp. Dreigið verði úr neikvæðum áhrif á ásynnd með landslagshönnun.

Þá kemur fram að framkvæmdarsvæðið sé innan verndarsvæðis og vatnasviðs Mývatns og Laxár en bakki Mývatns sé í talsverðri fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði.

<sup>1</sup> Skýrsla samstarfshóps um Mývatn: Ástand mála, orsakir vanda og mögulegar aðgerðir. Júní 2016.

<sup>2</sup> Ferðamálastofa (2017). Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum.

<sup>3</sup> Ferðamálastofa (2012). Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum.



## 4 UMHVERFISÁHRIF

### Vatnsgæði

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að núverandi skólphreinsivirki og fyrirhuguð stækkun þess séu í samræmi við kröfur laga og reglugerða um verndun Mývatns. Stækkun þess muni tryggja að hreinsivirkið geti aldrei farið á yfirfall og þar með verði öryggi fráveitu frá hótelinu aukið. Ítrustu varúðar verði gætt á framkvæmdatíma til að draga úr hættu á að mengun berist af framkvæmdasvæðinu í grunnvatn. Áhrif framkvæmdarinnar á vatnsgæði séu metin jákvæð.

Í umsögn Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn er bent á að frárennsli frá hótelinu myndi læk á yfirborði sem renni í átt að Smiðjutjörn í friðlandi Mývatns og Laxár. Sá frágangur sé tæpast ásættanlegur, óháð efnasamsetningu vatnsins. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að lækurinn sé ekki tengdur skólphreinsivirkinu heldur sé um að ræða hreint vatn sem komi frá hótelinu og verði lækurinn plægður í jörð um leið og farið verði í stækkun á skólphreinsivirkinu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er minnt á að svæðið njóti verndar skv. lögum um verndun Mývatns og Laxár og að skv. reglugerð um verndun Mývatns og Laxár skuli rekstur fráveitna á vatnasviðinu vera samkvæmt ákvæðum laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna og reglugerða settra samkvæmt þeim. Svæðið hafi hátt verndargildi þ.m.t. á alþjóðlegan mælikvarða auk þess sem staða hins friðaða svæðis sé viðkvæm og ferðamannstraumur mikill. Samkvæmt skýrslu samstarfshóp um Mývatnssvæðið séu sterkar vísbendingar um að fjölgun ferðamanna auki álag á lífríki svæðisins, þ.á.m. um fráveitur þannig að losun næringarefna í vatnið aukist. Í lögum um náttúruvernd segi að áhrif á náttúru svæðis skuli meta út frá heildarálagi sem á svæðinu sé, eða það kunni að verða fyrir.

Mývatns- og Laxárvæðið sé á skrá Ramsarsamningsins um alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði. Auk þess sé Ísland bundið af Bernarsamningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu. Því sé því mikilvægt að staðið sé þannig að fráveitumálum að mengun hljótist ekki af. Hvorki komi fram í greinargerð hvað hafi verið gert né hvað áætlað sé að gera við seyru. Telji stofnunin mikilvægt að seyran verði fjarlægð af vatnasviði Mývatns og Laxár og losuð á viðurkenndum urðunarstað. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að seyra frá rekstrinum sé losuð á Litlu-Strönd sem sé eina leyfilega losunarstöðin í Mývatnssveit.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki sé tekið fram í greinargerð framkvæmdaraðila hver fjarlægð skólphreinsivirkisins sé frá bökkum Laxár og Mývatns en æskilegt sé að nákvæmar upplýsingar um fjarlægð og leið frárennslis til viðtaka frá starfsemi liggja fyrir.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki séu færð fram gögn því til stuðnings að vöktun á hreinsivirki rekstraraðila hafi verið fullnægjandi. Vönduð vöktun á hreinsun frárennslis og vistfræðilegum áhrifum starfseminnar á viðtakann, með öflugri viðbragðsáætlun ef búnaður virki ekki sem skyldi, sé grundvöllur fyrir sjálfbærri starfsemi hótélreksturs við Laxá og Mývatn. Þetta sé sérstaklega mikilvægt þar sem fráveitan sé innan verndarsvæðis á rauðum lista stofnunarinnar. Stofnunin telji mikilvægt að starfsleyfi heilbrigðisnefndar tryggi að vöktun fari fram og að nægilega vel sé fylgst með hreinsun næringarefna í skólphreinsivirkinu. Umhverfisstofnun hafi unnið ný drög að samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir skólphreinsivirki, m.a. í samstarfi við heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra og geri ráð fyrir því að ný starfsleyfi uppfylli þær kröfur sem þar komi fram.

Umhverfisstofnun telur að ef kerfið fari á yfirfall gæti slíkt leitt til neikvæðra umhverfisáhrifa. Uppsetning hreinsivirkis sem tryggi hreinsun skolps í samræmi við gildandi kröfur sé ekki líkleg til að auka neikvæð umhverfisáhrif, heldur sé til þess fallin að tryggja að vatnshæð í tönkum hreinsivirkisins verði ekki of mikil. Stofnunin telji að stækkun skólphreinsivirkis rekstraraðila, líkt og henni er lýst í greinargerð og viðbótargögnum, sé ekki líkleg til að auka neikvæð umhverfisáhrif verði hreinsun sé í samræmi við settar kröfur.



Umhverfisstofnun telur að ekki sé ljóst hvert heildarálag sé á svæðinu eða hvað það kunni að verða með aukinni fjölgun ferðamanna. Svæðið sé í verulegri hættu á að tapa verndargildi sínu eða hafi tapað því að einhverju leyti. Því sé margt sem mæli með því að framkvæmdir á viðkvæmum svæðum þar sem óvissa ríki um heildarálag, ættu að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Hins vegar sé fyrirhuguð framkvæmd ekki til þess fallin að auka álag á viðtaka. Að mati stofnunarinnar séu staðbundin áhrif á framkvæmdarsvæðið talin óveruleg m.t.t. staðsetningar og umfangs. Sérstaklega mikilvægt sé að skólphreinsibúnaðurinn hreinsi köfnunarefni á fullnægjandi hátt úr skólpinu og að það sé tryggt með eftirliti.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011 – 2023 og deiliskipulag verslunar- og þjónustusvæðis í landi Arnarvatns.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Skútustaðahrepps samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Jafnframt þarf leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum og reglugerð um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þíngeyjarsýslu.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða stækkun skólphreinsivirkis Hótel Laxár í Skútustaðahreppi. Fyrirhugað er að ráðast í stækkun hreinsivirkisins til að ráða betur við núverandi rekstur og vegna aukinnar nýtingar á veitingastað hótelsins. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11.05 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

### Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, meðal annars stærð og umfangi framkvæmdar, sammögnunaráhrifum með öðrum framkvæmdum, úrgangsmýndun og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdum við skólphreinsivirki Hótel Laxár er ætlað að auka rekstraröryggi þess. Gert er ráð fyrir að fosfór og köfnunarefni verði hreinsuð úr skólpinu sem dregur úr hættu á neikvæðum áhrifum hótelsreksturs á viðkvæman næringarefnabúskap Mývatns.

Í ljósi sívaxandi fjölda ferðamanna á svæðinu telur Skipulagsstofnun ástæðu til að láta viðkvæma náttúru svæðisins njóta vafans og er nýjum drögum Umhverfisstofnunar að starfsleyfisskilyrðum ætlað að tryggja að vöktun fari fram og að nægilega vel verði fylgst með hreinsun næringarefna í skólphreinsivirkinu.

Með hliðsjón af því að framkvæmdinni er ætlað að koma í veg fyrir yfirfall fráveitu frá Hótel Laxá og að heildarframlag íbúa og ferðaþjónustu til losunar fosfórs og köfnunarefnis í Mývatn er áætlað vera lítill hluti þess fosfórs og köfnunarefnis sem berst í Mývatn telur Skipulagsstofnun ekki forsendur til að ætla að framkvæmdin sé líkleg til að hafa veruleg umhverfisáhrif með tilliti til eðlis og umfangs framkvæmdarinnar. Framkvæmdin er að mati Skipulagsstofnunar líkleg til að draga úr hættu á neikvæðum áhrifum á innstreymi næringarefna í Mývatn.

Varðandi samlegð með öðrum framkvæmdum þá liggur fyrir að stækkun skólphreinsivirkis er ætlað að anna núverandi rekstri Hótel Laxár betur vegna aukinnar nýtingar á veitingastað hótelsins. Stofnunin telur ekki falla undir þessa málsmeðferð og ákvörðun að fjalla um möguleg áhrif af auknum ferðamannastraumi í Mývatnssveit. Slík greining og áhrifamat þarf að fara fram við gerð



skipulagsáætlana Skútustaðahrepps og verndar- og nýtingaráætlunar Umhverfisstofnunar fyrir verndarsvæði Mývatns og Laxár.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

### **Staðsetning framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati með tilliti til staðsetningar framkvæmdar skal taka mið af því hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem vegna verndarákvæða eða álagspóls náttúrunnar, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Mörk deiliskipulags hins fyrirhugaða framkvæmdasvæðis eru í um 500 m fjarlægð frá Laxá og um 1,5 km fjarlægð frá bökkum Mývatns. Mývatns- og Laxásvæðið hefur hátt verndargildi þ.m.t. á alþjóðlegan mælikvarða auk þess sem staða hins friðaða svæðis er viðkvæm og ferðamannstraumur mikill. Svæðið nýtur verndar samkvæmt lögum um verndun Mývatns og Laxár, það er einnig Ramsarsvæði, en í því felst að svæðið er votlendi með alþjóðlegt verndargildi, og Mývatn og Laxá hafa í heild sinni verið skilgreind sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Fyrir liggur að samkvæmt mati Umhverfisstofnunar á ástandi friðlýstra svæða er Mývatns- og Laxásvæðið í flokki svæða sem eru í verulegri hættu á að tapa verndargildi sínu eða hafa tapað því að hluta til.

Skipulagsstofnun tekur undir álit Umhverfisstofnunar um mikilvægi þess að við allar ákvarðanir um framkvæmdir á þessu viðkvæma svæði sé gætt að og fylgt meginreglum náttúruverndarlaga. Stofnunin telur hinsvegar ekkert hafa komið fram við meðferð þessa máls sem geri að verkum að tilefni sé til að ætla að sú framkvæmd sem hér er til umfjöllunar sé líkleg til að hafa veruleg áhrif á verndargildi Mývatns. Framkvæmdin er fremur líkleg til að draga úr álagi næringarefna á vatnið. Þá telur stofnunin, eins og að framan er getið, það liggja utan við viðfangsefni þessarar málsmeðferðar og ákvörðunar að fjalla um möguleg áhrif af auknum ferðamannaströumum í Mývatnssveit. Ástand lífríkis í Mývatni, sem rekja má til ofgnóttar næringarefna sem og annað álag á náttúru svæðisins, kann að leiða til þess að rétt sé að stýra frekar eða takmarka með einhverjum hætti starfsemi við Mývatn og umferð ferðamanna. Vettvangur fyrir slíka greiningu og áhrifamat er við gerð skipulagsáætlana Skútustaðahrepps og verndar- og nýtingaráætlunar Umhverfisstofnunar fyrir verndarsvæði Mývatns og Laxár.

Í ljósi þess að framkvæmdirnar eru fyrirhugaðar innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár telur Skipulagsstofnun að í leyfum til hreinsivirkisins þurfi sérstaklega að taka á atriðum sem varða framkvæmdatíma og tilhögun framkvæmda með tilliti til þess að þær raski ekki fuglalífi og náttúru svæðisins.

### **Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem umfangi umhverfisáhrifa með tilliti til þess svæðis og fjölda fólks sem ætla má að verði fyrir áhrifum, líkum á áhrifum og sammögnun ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda felast fyrst og fremst í áhrifum á vatnsgæði á Mývatns- og Laxásvæðinu. Skipulagsstofnun telur á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram hafa komið við meðferð málsins, að ástæða sé til að ætla að fyrirhugað hreinsivirki muni skila tilskildum árangri. Engu að síður er mikilvægt að í starfsleyfi sé tryggt reglubundið og virkt eftirlit með virkni hreinsivirkisins og tilgreindar aðgerðir sem ráðast skal í, skili það ekki þeim árangri sem vænst er. Slík skilyrði geta til dæmis varðað hreinsun næringarefna frá hreinsivirkinu.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.



### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 17. september 2018.

Reykjavík, 10. ágúst 2018

Sigurður Ásbjörnsson

Matthildur B. Stefánsdóttir